

Heiti áfanga: SPÆN 1BB05

Undanfari: 1AA05

Stutt lýsing:

Viðfangsefni byrjunaráfangans eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Orðaforði er aukinn verulega og ný málfræðiatríði þjálfuð.

Nemendur læra að...

- panta mat og drykk á veitingastað, að tala um matarvenjur, máltíðir, matarboð og innkaup.
- ræða áhugamál sín og viðhorf, um hvað þeim finnst skemmtilegt og hvað þeim mislíkar.
- gera áætlanir og plön um nánustu framtíð.
- tjá sig um daglegar venjur, bæði í nútíð og núliðinni tíð.
- tala um líkamann og heilsufar.
- bjarga sér við hversdagslegar aðstæður, spyrja og svara einföldum spurningum.
- bera saman hluti, fólk og fyrirbæri.
- nota og skilja hærri tölur en í grunnáfanganum.
- tileinka sér orðaforða yfir fatnað og fylgihluti, lýsingarorð og málfar sem tengist fatnaði og verslunum.
- skilja bæði í ræðu og riti, sem og skrifa texta, samtöl og frásagnir er varða efni áfangans.

Námsmat:

Skrifleg og munnleg verkefni á önninni gilda 50% af lokaeinkunn á móti 50% lokaprófi.